

**Ed.**

**110. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af sild.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverri tunnu saltaðrar síldar (108—120 litra), í hverjum umbúðum sem hún flytst, skal útflutningsgjald vera 4 kr. Gjaldið, sem lögreglustjórar innheimta, greiðist og af sild þeirri, er söltuð er og verkuð í íslenskri landhelgi.

2. gr.

Lög nr. 11, 31. júlí 1907, eru hjer með numin úr gildi og 1. og 4. töluliður í lögum frá 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.